

# Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN


Maí 2012 // BRÁÐABIRGÐATÖLUR

## Fjöldi innbrota janúar til maí

Á mynd 1 má sjá fjölda innbrota fyrstu fimm mánuðina árin 2010, 2011 og 2012.

Innbrot voru talsvert fleiri fyrstu fimm mánuði ársins 2010 en árið 2011 og 2012. Þau voru að meðaltali 250 á mánuði í janúar til maí 2010 en 150 að meðaltali yfir sama tímabil 2011. Það sem af er ári hafa tilkynnt innbrot verið 131 að meðaltali á mánuði, en flest voru tilkynnt í janúar, eða rétt tæplega 6 á dag (5,6).

Vettvangur innbrota er í flestum tilvikum íbúðarhúsnæði, fyrirtæki eða stofnanir, bifreiðar og sumarbústaðir.




Mynd 1. Fjöldi innbrota janúar til maí 2010, 2011 og 2012.

## Þróun það sem af er árinu 2012

Mynd 2 sýnir fjölda hegningarlagabrot greint eftir mánuðum árin 2010, 2011 og fyrstu fimm mánuði ársins 2012. Skráð hegningarlagabrot voru 875, eða 10% færri en í apríl. Hegningarlagabrot hafa almennt verið færri það sem af er þessu ári en yfir sama tímabil síðustu tvö ár.

Þjófnaðarbrot og innbrot eru færri fyrstu fimm mánuði þessa árs en síðustu tvö árin (tafla 1). Fíkniefnabrot og brot vegna ölvunaraksturs eru hins vegar fleiri en yfir sama tímabil 2010 og 2011. Hraðakstursbrot frá janúar til og með maí voru rúmlega 13.000 talsins sem jafngildir að meðaltali 2.613 á mánuði. Þessi brot eru þar með 28% fleiri en yfir sama tímabil í fyrra en fimmtungi færri en yfir sama tímabil 2010. Líkamsárásir sem falla undir 217. og 218. gr. hegningarlagna (nr. 19/1940) voru 442 frá janúar til maí en eignaspjöll meira en tvöfalt fleiri, eða 963 talsins.

Fíkniefnabrot voru 851 fyrstu fimm mánuði ársins sem er tæplega þriðjungur fleiri brot en yfir sama tímabil í fyrra. Brotin voru 201 talsins í síðastliðnum maímánuði en þá voru 70% fíkniefnabrot vegna vörslu eða meðferðar fíkniefna, 9,5% vegna framleiðslu fíkniefna, 9,5% vegna sölu og/eða dreifingar fíkniefna og 5,5% vegna innflutnings fíkniefna. Um 6% voru „ýmis fíkniefnabrot“ en þar undir falla t.d. tilvik þar sem fíkniefni finnast og víðavangi.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlagabrot 2010, 2011 og það sem af er ári 2012 greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum fyrstu fimm mánuði ársins 2010, 2011 og 2012.

	Jan.-maí'10	Jan.-maí '11	Jan.-maí'12
Hraðakstursbrot	16.280	10.214	13.066
Þjófnaðarbrot	1.982	1.612	1.520
Eignaspjöll	1.264	724	963
Innbrot	1.248	748	656
Ölvun við akstur	492	471	544
Fíkniefnabrot	577	649	851
Líkamsárás (217.-218. gr.)	493	396	442